

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 113/2018****2019/EES/33/02****frá 31. maí 2018****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1515 frá 5. júní 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2015/2205/ESB frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/592/ESB frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna <sup>(4)</sup> sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 196, 21.7.2016, bls. 56.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/104 frá 19. október 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/751 frá 16. mars 2017 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar frest til hlítningar stöðustofnunar skyldu vegna tiltekinna mótaðila sem versla með OTC-afleiður <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/105 frá 26. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár <sup>(7)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 97.
- 8) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 63.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13.<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5.<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3.<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 1.<sup>(6)</sup> Stjttíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 15.<sup>(7)</sup> Stjttíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 17.

*1. gr.*

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012):

„– **32015 R 1515:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1515 frá 5. júní 2015 (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 63).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 31bcb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1247/2012):

„**32012 R 1247:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 20), eins og henni var breytt með:

– **32017 R 0105:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/105 frá 26. október 2016 (Stjtið. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 17), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 17.

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 5. mgr. 4. gr. og 4. gr. b er orðunum „á EES-svæðinu“ bætt við á eftir „kemur til framkvæmda“.

b) Í 5. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

i) 1. og 2. mgr. orðast svo:

„1. Tilkynna skal um afleiðusamninga:

a) innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018, ef afleiðuviðskiptaskrá fyrir þann tiltekna flokk afleiðna hefur verið skráð skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018,

b) 90 dögum eftir skráningu afleiðuviðskiptaskrár fyrir tiltekinn flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þegar engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 eða fyrr, eða í síðasta lagi ekki fyrr en sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018,

c) innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018, þegar engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018. Kvöð um skýrslugjöf hefst sama dag og tilkynna ber samninga til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstöðvarinnar í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, þar til afleiðuviðskiptaskrá hefur verið skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna.“

ii) í 3. og 4. mgr. orðast „16. ágúst 2012“ sem „1. júlí 2017“.

3. Eftirfarandi er bætt við lið 31bce (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013) og tekur gildi níu mánuðum eftir gildistökudag þessarar ákvörðunar:

„, eins og henni var breytt með:

- **32017 R 0104:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/104 frá 19. október 2016 (Stjtíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 1).“

4. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bco (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2014):

„31bcp. **32015 R 2205:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2015/2205/ESB frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna (Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13), eins og henni var breytt með:

- **32017 R 0751:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/751 frá 16. mars 2017 (Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 15).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í b-lið 1. mgr. 2. gr. orðast „janúar, febrúar og mars 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar, „janúar, febrúar og mars á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 tekur gildi“.

b) Í 3. gr.:

i) Hvað EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 1. mgr. sem hér segir:

„Að því er varðar samninga sem lúta að flokki OTC-afleiðna sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skal stöðustofnunar skyldan taka gildi:

a) sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 fyrir mótaðila í flokki 1,

b) einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 fyrir mótaðila í flokki 2,

c) 21. júní 2019 fyrir mótaðila í flokki 3,

d) tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 fyrir mótaðila í flokki 4.“,

ii) í annarri undirgrein 1. mgr. er orðunum „, eða milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila“,

iii) að því er EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 2. mgr. sem hér segir:

„Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunar skyldan, að því er varðar samninga sem lúta að flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í viðaukanum og er á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4, sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem einn mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu á EES-svæðinu, taka gildi:

a) tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 ef engin ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu, eða

- b) á síðari dagsetningu eftirfarandi dagsetninga ef ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu:
- i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðun samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land,
- ii) á dagsetningunni þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

c) Í 4. gr.:

- i) í 1. mgr. orðast „21. febrúar 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar sem „tveimur mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018“,
- ii) í 2. mgr. orðast „21. maí 2016“ að því er EFTA-ríkin varðar sem „fimm mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018“,
- ii) í 4. mgr. er orðunum „, milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í ólíkum flokkum mótaðila“,

31bcq. **32016 R 0592**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/592/ESB frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð. ESB L 103, 19.4. 2016, bls. 5.), eins og henni var breytt með:

- **32017 R 0751**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/751 frá 16. mars 2017 (Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 15).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í b-lið 1. mgr. 2. gr. orðast „janúar, febrúar og mars 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar, sem „janúar, febrúar og mars á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 tekur gildi“.
- b) Í 3. gr.:
- i) Hvað EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 1. mgr. sem hér segir:
- „Að því er varðar samninga sem tengjast flokki OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í viðaukanum, skal stöðustofnunarskyldan taka gildi:
- a) einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 1,
- b) 18 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 2,
- c) 21. júní 2019 að því er varðar mótaðila í flokki 3,

- d) 39 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 4.“,
- ii) í annarri undirgrein 1. mgr. er orðunum „, eða milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila“,
- iii) að því er EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 2. mgr. sem hér segir:

„Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunar skyldan, að því er varðar samninga sem lúta að flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í viðaukanum og er á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4, sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem einn mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu á EES-svæðinu, taka gildi:

- a) 39 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 ef engin ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu, eða
- b) á síðari dagsetningu eftirfarandi dagsetninga ef ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu:
- i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðun samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land,
- ii) á dagsetningunni þegar stöðustofnunar skyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“.

c) Í 4. gr.:

- i) í 1. og 2. mgr. orðast „9. október 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar, sem „fimm mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018“,
- ii) í 4. mgr. er orðunum „, eða milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila“.

31bcr. **32016 R 1178**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1178/ESB frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunar skylduna (Stjtíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 196, 21.7.2016, bls. 56 eins og henni var breytt með:

– **32017 R 0751**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/751 frá 16. mars 2017 (Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 15).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í b-lið 1. mgr. 2. gr. orðast „janúar, febrúar og mars 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar, sem „janúar, febrúar og mars á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 tekur gildi“.

b) Í 3. gr.:

i) Hvað EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 1. mgr. sem hér segir:

„Að því er varðar samninga sem tengjast flokki OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í I. viðauka, skal stöðustofnunarskyldan taka gildi:

a) sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 1,

b) einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 2,

c) 21. júní 2019 að því er varðar mótaðila í flokki 3,

d) tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 að því er varðar mótaðila í flokki 4.“,

ii) í annarri undirgrein 1. mgr. er orðunum „, eða milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila“,

iii) að því er EFTA-ríkin varðar orðast fyrsta undirgrein 2. mgr. sem hér segir:

„Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga sem lúta að flokki OTC-afleiðna sem settur er fram í I. viðauka og er á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4, sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem einn mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu á EES-svæðinu, taka gildi:

a) tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 ef engin ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu, eða

b) á síðari dagsetningu eftirfarandi dagsetninga ef ákvörðun um jafngildi tekin í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land gildir á EES-svæðinu:

i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðun samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar viðeigandi þriðja land,

ii) á dagsetningunni þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“.

c) Í 4. gr.:

- i) í 1. og 2. mgr. orðast „9. október 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar, sem „tveimur mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018“,
- ii) í 4. mgr. er orðunum „, eða milli eins mótaðila með staðfestu í EFTA-ríki og eins mótaðila með staðfestu í aðildarríki ESB“ bætt við á eftir orðunum „milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) nr. 2015/1515, (ESB) nr. 2015/2205, (ESB) nr. 2016/592, (ESB) nr. 2016/1178, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 196, 21.7.2016, bls. 56, (ESB) nr. 2017/104 og (ESB) nr. 2017/751 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/105, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 19, 25.1.2017, bls. 97, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.